



## Fundargerð

---

Aðalfundur Golfklúbbsins Leynis árið 2021 var haldinn í fjarfundi í Teams en stjórnað frá frístundamiðstöðinni Garðavöllum, miðvikudaginn 24. nóvember 2021, kl. 20:00.

Formaður GL, Oddur Pétur Ottesen, bauð fundarmenn velkomna og tilkynnti að Viktor Elvar Viktorsson yrði fundarstjóri fundarins og Ella María Gunnarsdóttir fundarritari. Að því loknu tók fundastjóri við. Í upphafi fundar fór fundarstjóri yfir „leikreglur“ við rafræna fundinn, bað fundarmenn að hafa slökkt á hljóðnemunum þegar þeir væru ekki með orðið og sýndi fundarmönnum með hvaða hætti kosningar færu fram. Að því búnu tók hefðbundin aðalfundar dagskrá við.

Löglega var staðið að boðun fundar þ.e. með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður GL flutti skýrslu stjórnar en skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu klúbbsins [www.leynir.is](http://www.leynir.is). Framkvæmdastjóri GL, Rakel Óskarsdóttir, tók því næst við og flutti skýrslu framkvæmdastjóra sem jafnframt er aðgengileg á heimasíðu klúbbsins.

### 2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Framkvæmdastjóri GL fór yfir ársreikning félagsins. Tekjur námu alls rúmlega 134,4 m.kr. og rekstrargjöld voru tæpar 109,4 m.kr. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði var því rúmlega 25 m.kr. en tæpar 11,8 m.kr. þegar tekið er tillit til fjármagnsliða og afskrifta. Ársreikningar félagsins eru aðgengilegir í heild sinni á heimasíðu klúbbsins.

### 3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra og ársreikning félagsins.

Undir þessum dagskrárlið tóku eftirfarandi til máls:

*Sigurður Elvar Þórólfsson* bar fram spurningu varðandi hvað felist í rekstrargjöldum vegna barna- og unglingastarfs. Í svari kom fram að þar væri um keppniskostnað, fæði og aðkeypta þjónustu að ræða. SEP spurði jafnframt út í fjölgun kvenna í klúbbum og í barna- og unglingastarfi, hvort það væri eitthvað plan í gangi? Svárið var á þá leið að slíkt plan væri ekki meitlað í stein en það væri vilji stjórnar GL að vinna að fjölgun félagskvenna í samstarfi við kvennanefnd. Framkvæmdastjóri skýrði jafnframt frá því að Covid-19 hafi komið í veg fyrir þær skólaheimsóknir sem stefnt hafði verið að, til að kynna golfíþróttina fyrir börnum og unglingum.



## Fundargerð

---

Sigþór Sigurðsson spurði út í brottfall á milli ára, hvort það væri þekkt? Formaður greindi frá því að fjöldi kvenna væri að standa í stað á milli ára en að körlum hefði fjölgað. Stjórnin hefur brottfalls tölur ekki tiltækar á þessum tímamarki en telur að það væri gagnlegt að taka slíkar upplýsingar saman.

SEP kvað sér aftur máls og varpaði því fram að í stefnu GSÍ kæmi fram að hlutfall barna- og unglunga af félagsmönnum ætti að vera í kringum 20% (15 ára og yngri) en staðan hjá GL væri í dag að 7% félaga eru á þeim aldri. Hvatti hann stjórn til að leggja aukna áherslu og fjármuni á barna- og unglungastarfs. Benti jafnframt á að Akraneskaupstaður (bæjarstjóri) hefði á sínum tíma skilgreint Garðavöll sem íþróttamannvirki og SEP taldi að kaupstaðurinn ætti þ.a.l. að sjá um slátt og aðra umhirðu vallarins.

### Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar var samþykkt samhliða

(32 á fundinum þegar kosið var – sjá skjámynd 1 með niðurstöðum)

#### **4. Breytingar á lögum GL**

Engar tillögur að lagabreytingum lágu fyrir fundinum.

#### **5. Fjárhagsáætlun 2022 og tillaga að félagsgjöldum**

Formaður kynnti tillögu að félagsgjöldum og flokkaskiptingu ársins 2022 sem var eftirfarandi:

- Gull aðild – vildarvinur, kr. 115.000
- Fullorðnir 27-66 ára, kr. 97.000
- Makar, 70 ára og eldri, 2 árs nýliðagjald, kr. 73.000
- Fjaraðild, 59.900
- Nýliðagjald 1 ár, kr. 42.000
- Ungmennagjald 19-26 ára, kr. 35.000
- Börn yngri en 18 ára, kr. 26.000
- Börn/unglingar 18 ára og yngri, æfingagjald kr. 44.000. (skiptist kr. 24.000 vetur og kr. 20.000 sumar)

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun ársins 2022.

Helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar ársins 2022:

- Áætlun rekstartekna 134 m.kr.
- Áætlun rekstargjalda 119,7 m.kr.
- Áætlaður hagnaður af reglubundinni starfsemi 14,3 m.kr.
- Áætlaður hagnaður eftir afskriftir og fjármagnshreyfingar 2,6 m.kr.



## Fundargerð

---

Fram kom að í kynntri áætlun yfir sjóðsstreymi þá á 500.000 krónu talan undir *rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi* að vera í mínus sem breytir þá niðurstöðu sjóðstreymis um eina m.kr.

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður um fjárhagsáætlun næsta starfsárs og tillögu að félagsgjöldum.

Til máls tóku:

SEP spurðist fyrir um af hverju GL, sem væri að sýna hagnað af rekstri, væri aðeins með íþróttastjóra í hlutastarfi en ekki í fullu starfi? Því var m.a. svarað á þá leið að klúbburinn vildi gjarnan hafa íþróttastjóra í fullu starfi í framtíðinni en m.a. vegna óvissupátta í rekstri hafi ekki verið talið gerlegt að stíga það skref enn sem komið er. Nefndur var sá möguleiki að halda fund með félagsmönnum til að ræða hvaða áherslur félagsmenn vilji sjá í rekstri klúbbsins eins og gert fyrir nokkrum árum (*bætt við eftir fund, slíkir fundir voru haldnir árin 2012 og 2018*).

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

(32 á fundinum þegar kosið var – sjá skjámynd 2 með niðurstöðum)

### 6. Kosning stjórnar og varamanns í stjórn

Allir stjórnarmenn gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Í framboði eru: Oddur Pétur Ottesen til formanns, Óli B. Jónsson í stjórn, Ella María Gunnarsdóttir í stjórn og Hróðmar Halldórsson til varamanns.

Stjórnarfolk var sjálfkjörið og eru ofangreind því réttkjörin í stjórn.

### 7. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara

Tillaga var gerð um eftirfarandi skoðunarmenn:

- Andrés Ólafsson
- Elías Ólafsson
- Petrea Emilía Pétursdóttir til vara

Skoðunarmenn voru sjálfkjörnir og eru ofangreind því réttkjörnir skoðunarmenn.

### 8. Önnur mál

Valdís Þóra Jónsdóttir kynnti hver kylfingur ársins væri:

**Kylfingur ársins:** Björn Viktor Viktorsson



## Fundargerð

---

Björn Viktor er kylfingur ársins árið 2021. Björn Viktor var þrisvar í öðru sæti á unglíngamótaröðinni. Hann var valinn í piltalandslið Íslands fyrir Evrópumót liða sem haldið var í Eistlandi og var það hans fyrsta landsliðsverkefni. Hann endaði svo í 2. sæti á heildarstigalista sumarsins en það er tveimur sætum ofar en árið 2020.

Björn Viktor mætir á allar æfingar með því markmiði að bæta sig og er mikil fyrirmynd fyrir okkar yngri kylfinga. Björn er vel að því kominn að vera kylfingur ársins hjá Golfklúbbnum Leyni.

Formaður kynnti hver hlyti Guðmundar og Óðinsbikarinn:

**Guðmundar og Óðinsbikarinn:** Elísabet Valdimarsdóttir

Guðmundar og Óðinsbikar er gefin af Helga Daníelssyni 1990. Viðurkenningar hafa t.d. verið veittar Íslandsmeisturum einstaklinga, Íslandsmeisturum í sveitakeppni GSÍ, sjálfboðaliðum, öflugum stuðningsmönnum GL, Íþróttamönnum Akraness og þátttakendum í landsliðsverkefnum svo eitthvað sé nefnt.

Elísabet Valdimarsdóttir hefur verið félagsmaður í Golfklúbbnum Leyni í mörg ár. Hún hefur verið ötull talsmaður klúbbsins og gengið í ýmis trúnaðarstörf fyrir Leyni. Í mörg ár starfaði hún með barna- og unglínganefnd og nú síðast leiddi hún kvennastarf Leynis. Elísabet er alltaf boðin og búin félagi sínu til aðstoðar og því vel að þessari viðurkenningu komin.

Valdís Þóra Jónsdóttir kynnti verðlaunahafa háttvísisverðlauna GSÍ

**Háttvísisverðlaun GSÍ:** Vala María Sturludóttir

Háttvísibikarinn er gjöf frá GSÍ til GL og er hann veittur ár hvert þeim kylfingi undir 18 ára aldri sem endurspeglar hvað mest þá eiginleika sem GL vill sjá í afreksefnaunglingum sínum.

Það er þjálfari GL sem tilnefnir kylfinginn. Vala María er einstaklingur sem skarar fram úr með framúrskarandi hegðun og góðri fyrirmynd fyrir aðra kylfinga, bæði unga sem aldna í klúbbnum. Vala María er mikil keppnismanneskja sem mætir á allar æfingar sem henni bjóðast, leggur sig alltaf fram og vill alltaf gera betur. Vala María er dugleg að mæta á aukaæfingar utan skipulagðrar æfingatíma og voru framfarirnar í sumar í takt við það. Hún lækkaði úr 18 í forgjöf niður í 9,8 og spilaði nokkra hringi undir 80 höggum einungis 13 ára gömul. Hún er mikil fyrirmynd bæði innan golfvallar sem utan og við getum verið stolt af því að Vala María er félagi í Golfklúbbnum Leyni

Oddur Pétur kynnti þann kylfing sem spilaði flesta hringi á Garðavelli 2021:

**Flestir spilaðir hringir 2021:** Jón Alfreðsson, hann spilaði og skráði sig á rástíma 140 hringi.



## Fundargerð

---

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál.

Til máls tóku:

Formaður GL, tók til máls og sagði stuttlega frá stöðu mála um mögulega hótélbyggingu við golfvöllinn. Verkefnið er í skipulagsferli en aðkoma GL er í raun sú að fyrirætlanir um uppbyggingu hafa verið unnar í sátt við stjórn GL en þannig að klúbburinn ber enga fjárhagslega ábyrgð.

*Guðjón Viðar Guðjónsson* spurði út í hvort það yrði borið undir félagsmenn hvort hótél yrði byggt og hvaða aðili væri að vinna að hótelinu. Svarað var á þá leið að sá sem um ræðir sé Snorri Hjartarson og þegar deiliskipulag lægi fyrir þá væri ákvörðunarvald um bygginguna ekki á höndum golfklúbbsins þó félagsmenn geti að sjálfsgöðu haft skoðun þar á.

*Magnús Sólmundarson* óskaði stjórninni til hamingju með rekstur golfklúbbsins og spurði út í hvort einhverskonar samkomulag lægi fyrir við þann aðila sem væri áhugasamur um byggingu hótels við Garðavöll. Því var svarað til að þar sem eldri hótélreitir í Garðalundi væri ekki lengur fyrir hendi þá hefði klúbburinn sett fram þá ósk um að hótélreitir yrði gerður inni á deiliskipulagi golfvallarins.

*SEP* spurði út í Garðavelli, hvort klúbburinn ætli að gera sig meira gildandi í húsnæðinu. Honum þótti vanta að sýna myndir, sögu og annað slíkt. Framkvæmdastjóri svaraði því til að hún væri sammála og að þetta væri mál sem væri verið að vinna í og yrði vonandi unnið í samvinnu við nýjan rekstraraðila veitinga.

*SEP* spurði jafnframt út í hvort það væri verið að skoða stærra og meira æfingasvæði þar sem ljóst væri að kjallarinn gæti ekki tekið við miklum fjölda á æfingar? Svarað var á þá leið að stjórnin væri meðvituð um þetta en að það væri ekki farið að skoða það af alvöru. Vallarnefnd yrði fengin til að fjalla um möguleika varðandi útisvæði fyrir vipp og pútt.

*GVG* spurði út í möguleika á útiæfingasvæði ef hótélbygging yrði að veruleika. Því var svarað með því að möguleiki væri fyrir hendi á að nýta hluta þess svæðis sem í dag er notað sem æfingavöllur (Mikki mús).

Formaður færði ýmsum þakkir og sleit fundi.

56. aðalfundi GL slitið kl. 21:50.

Fundargerð ritaði Ella María Gunnarsdóttir.

Akranesi 24. nóvember 2021



## Fundargerð

---

---

Oddur Pétur Ottesen, formaður

---

Óli Björgvin Jónsson, varaformaður

---

Heimir Bergmann, gjaldkeri

---

Ella María Gunnarsdóttir, ritari

---

Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi

---


Hróðmar Halldórsson, varamaður



# Fundargerð

## Fylgiskjal með fundargerð – skjámyndir af kosningum

### Skjámynd 1 – Kosning um ársreikning 2021



### Skjámynd 2 – Kosning um fjárhagsáætlun og árgjöld 2022

